



Umhirða trjágróðurs

Valdimar Reynisson

Skógfræðingur

Landnemi á Hólsbraut 2

Helstu orsakir affalla eftir gróðursetningu

- Frostlyfting
- Samkeppni við annan gróður
- Þurkur
- Kal
- Til að koma í veg fyrir afföll þarf að vanda gróðursetninguna því að lengi býr að fyrstu gerð ☺





Að vaxa úr grasi



- Flekkja (hreinsa gróður frá áður en plantað er) 20x 20 sm er góður flekkur í grasgefnu landi.
- Eitra með Roundup
- Reyta frá plöntum
- Ýmsar hlífar og æfingar aðrar hafa verið reyndar.

Frostlyfting

- Planta með skít
- Sá einæru rígresi með plöntunni.
- Setja skít eða annan lífrænan áburð með plöntunni.

Kal og þurrkur

- Vanda vel staðsetningu
 - varast að planta þar sem frosthætta er mikil
 - Frost seint að vori og snemma um haust er mestu skaðvaldarnir
- Setja rétta tegund á réttan stað
- Passa vel að plöntur fari vel blautar í jörðina
 - það er ekki allstaðar hægt að vökva!!
- Margir hafa farið flatt á að flytja plöntur í opnum kerrum.



Áburðargjöf

- Gott að bera á við gróðursetningu
- Hæfilegt magn á bakkaplöntur er 10g/plöntu (1msk)
- Nota blandaðan áburð (N.P.K) t.d blákorn eða grósku (seinleystur)
- Áburðargjöf nýtist líka samkeppnisgróðrinum

klipping og grisjun

- Misskilnings gætir um orðið grisjun margir tala um grisjun þegar tré eru snyrt en það er ekki rétt
- Klipping /snyrting
 - Fækkun greina eða formun einstaklings/ beltis (limgerðisklippingar)
- Grisjun
 - Fækkun einstaklinga í heildinni t.d í skógi

Verkfæri við umhirðu

- Handverkfæri
 - Snyrtiklippur fyrir eina hönd
 - Arnarklippur með lengra skapt og tvær hendur notaðar
 - Toppklippur allt að 6m band notað til að klippa.
 - Greinasagir ýmist einnarhandar eða með löngu skapti.
- Vélknúin tæki
 - Keðjusagir notaðar til grisjunar
 - Hekkklippur notaðar til að forma tré og limgerði
 - Til eru vélknúnar greinasagir sem ná allt að 6 metrum.

Klippingar trjáa

- Tvítoppa klippingar
 - Best að klippa tvítoppa þegar tréin eru í um 2m há
 - Það er betra að klippa fyrr en seinna
 - Klipping tvítoppa lagar form trjáanna og fjarlægir veikan punkt í stofninum
- Mjög gott er að þinna krónu trjáa sem eru með þétta krónu, það léttir á trénu.
- Gott að fjarlægja krosslægjur og dauðar greinar
- Best er að nota handverkfæri þegar klippt er



Uppkvistun (greinahreinsun)

- Neðstu greinar fjarlægðar til að fá meiri hæðarvöxt
- Gott að taka greinar sem eru farnar að slúta mjög mikið
 - Slíkar greinar brotna auðveldlega undan snjó
- Nota klippur eða greinasagir



Þumalputtareglur um klippingar

- Ekki klippa að hausti
 - Þá eru sveppagróin á verðinni og því aukin hættu á sýkingu
- Ekki skerða trjákrónuna meira en helming af hæð trésins
 - Hér er talað um grænanhluta trésins
- Varast að særa börk trjáanna
 - Það opnar leið fyrir sýkingar
- Ekki skilja eftir stubba
 - Alltaf að klippa við greinarháls

Grisjun

- Þegar trén í skóginum stækka þarf að grisja
- Við grisjun fer fram úrval
- Við grisjun hyggjum við góðum trjám en fjarlægum lakari einstaklinga
- Í útivistarskógum eru tré með afbryggðilegt vaxtarlag oft skilin eftir til að gleðja augað



Hvenær og hversu mikið á að grisja

- Ljóselskar tegundir ætti að grisja oftar en skuggþolnar
- Ágætt er að miða við að fría krónurnar
- Ein þumalputtaregla;
 - Grisja þarf áður en græni hluti krónunnar fer undir 50% af hæð trjána
- Skógarjaðrar alltaf við kvæmir
 - Sumir segja kvista þá aðrir grisja en ekki kvista

A photograph of three people standing in a grassy field. On the left, a person in a blue jacket and yellow harness holds a red climbing rope. In the center, a person in a black shirt and yellow harness holds a red climbing tool. On the right, a person in a black jacket holds a tray of small potted plants. The background is a vast green field.

Takk fyrir áheyrnina
einhverjar spurningar?



